



APA á íslensku í Zotero

Fyrir þá sem skrifa á íslensku hefur hingað til verið nauðsynlegt að þýða heimildaskrána úr ensku; breyta „Retrieved from“ í „Sótt af“, „Eds.“ í „ritstj.“ o.þ.h. Vegna þess að Zotero er „open source“ er hægt að breyta bæta og laga eftir því sem hentar, t.d. þýða staðal yfir á íslensku. Styrmir Magnússon nemandi í HÍ hefur þýtt APA yfir á íslensku til eigin nota, og hefur góðfúslega veitt okkur leyfi til að nota þýðinguna. Athugið að þetta er ekki lokaútgáfa þýðingarinnar, heldur handrit sem sífellt er verið að vinna í til þess að bæta þýðinguna enn frekar, en þetta er mikil hjálp við þá sem skrifa á íslensku.


Hvernig á að setja íslenska staðalinn upp (þú þarft að vera búin/-n að setja Zotero upp, sjá leiðbeiningar á heimasíðu BUHR):

1. Byrjið á að hlaða þessu [skjali](http://www.ru.is/media/skjol---bokasafn/apa_isl.csl) niður á eigin tölvu (Windows-notendur hægrismella og **vista sem /save as**. Leggðu á minnið hvar þú vistar skjalið). Á netinu finnurðu skjalið á þessari slóð: http://www.ru.is/media/skjol---bokasafn/apa_isl.csl

2. Opnið Zotero (smellið á **zotero** táknið neðst í hægra horni vafrans).
3. Smellið á **Actions** valmyndina () og veljið **Preferences**. Nýr gluggi opnast.
4. Veljið **Cite** og þar undir **Styles**-flipann.



5. Smellið á hnappinn með + merkinu.



6. Þá birtist gluggi þar sem þú þarft að finna skjalið sem þú hlóðst niður. Veldu skjalið og smelltu á **Open / Opna**.



7. Veldu **install** í litla glugganum sem opnaðist.
8. **American Psychological Association – APA 6. útg. á íslensku** hefur þá bæst í listann.
9. Smellið á **OK/Í lagi** til að loka glugganum.